

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Elínar frá Urðum, út- 44
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1961. 22. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

yfir 10000.00 kr. gjöf til minningar um Elínu Sigurhjartardóttur frá Urðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Elínar frá Urðum.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja vinnuhjálpi til fátækra einyrkjahúsmæðra í Svarfaðardalshreppi í veikindaforföllum þeirra.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir af höfuðstól.
- b. Gjafir í sjóðinn.
- c. Áheit.

Tekjur samkv. a-lið 3. gr. leggist við höfuðstól, þar til sjóðurinn tekur til starfa og eftir það, þau ár, sem þeir eru ekki notaðir til styrktar. Tekjur samkv. b- og c-lið 3. gr. leggist ætíð við höfuðstól.

4. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins. Aðeins ársvöxtunum má verja eftir tilgangi sjóðsins og með samþykki meiri hluta stjórnar hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera: formaður kvenfélagsins Tilraun og sé hann jafnframt formaður sjóðstjórnar, annar úr stjórn þess, kosinn á ársfundi félagsins og hreppsnefndaroddviti Svarfaðardalshrepps. Hún skal halda bók yfir sjóðinn og færa þar nöfn og fjárhæðir gefenda og styrkþega. Endurskoðendur hreppsreikninga fari árlega yfir reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn, sem ávaxta skal í Sparisjóði Svarfdæla, tekur til starfa árið 1966.

AUGLÝSING

um tollun skófatnaðar úr plasti.

Ef skófatnaður úr plasti er bæði varðandi útlit og notkun sambærilegur sams konar vöru úr kátsjúki, hefur ráðuneytið ákveðið, með heimild í athugasemdar-
ákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár, að skófatnaður úr plasti skuli tollaður eins og skófatnaður úr kátsjúki.

Fjármálaráðuneytið, 4. apríl 1961.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.